

50. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.10. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Mættur í gegnum fjarfundarbúnað undir lið nr. 1. – 4 og lið nr. 6. Kristinn Bjarnason lögmaður sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Breyting á sveitarstjórnarlögum-afnám lýðræðis
2. Umsagnir um Bessastaðaárvirkjun og Gilsárvirkjun
3. Viljayfirlýsing um Orkugarða Austurlands
4. Umsögn um Sturluflöt
5. Laugarfell
6. Hengifoss kaffi
7. Fundargerðir:
 - a. Verkfundur Hamborgar nr. 4. Fundargerð dags. 11.9.2025
 - b. Fagráðs Minjasafns Austurlands dags. 18.8.2025
 - c. Heilbrigðisnefndar dags. 11.9.2025
 - d. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.8, 12.9 og 26.9.2025
 - e. Ársala dags. 25.9.2025
 - f. Upphéraðsklasinn dags. 17.9.2025
8. Smiðjan á Hóli
9. Mælingar á borholum.
10. Skýrsla sveitarstjóra
11. Önnur mál:

1. Breyting á sveitarstjórnarlögum-afnám lýðræðis

Kristinn fór yfir helstu breytingar. Sveitarstjóra falið að senda inn umsögn í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi áskoranir á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og innviðaráðherra.

Áskorun til stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á stjórn Sambands íslenska sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna fámennustu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa telja Sambandinu ekki stætt á öðru en að mótmæla þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Áskorun til innviðaráðherra

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á innviðaráðherra að draga til baka tillögu innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna minnstu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér

fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa mótmæla harðlega þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Frumvarpið sýnir mikla óvirðingu við íbúa minni sveitarfélaga og óþolinmæði gagnvart þróun sem er gangi. En nokkur af fámennustu sveitarfélögunum hafa þegar sameinast eða samþykkt sameiningu, s.s. Akrahreppur, Skagahreppur, Svalbarðshreppur og Skorradalshreppur. Önnur eiga í viðræðum á misjöfnu stigi og getur frumvarpið haft afar neikvæð áhrif á anda þeirra viðræðna og mögulegra sameininga.

2. Umsagnir um Bessastaðaárvirkjun og Gilsárvirkjun

Umhverfis og orkustofnun óskar eftir umsögn á rannsóknarleyfi á vatnasviði Bessastaðaárvirkjunar, afstaða sveitarstjórnar er jákvæð fyrir rannsókninni. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til Gilsárvirkjunar í Múlaþingi. Sveitarstjóra falið að ganga frá umsögnum með lögmanni sveitarfélagsins.

3. Viljayfirlýsing um Orkugarða Austurlands

Sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins falið að gera viðauka um framlengingu til 2ja ára.

4. Umsögn um Sturluflöt

Sveitarstjóra falið að gera jákvæða umsögn vegna fyrirhugaðra kaupa ábúanda á jörðinni.

5. Laugarfell

Helgi kynnti fyrstu hugmyndir að stækkun á bílastæði og tjaldaðstæðum í Laugarfelli. Sveitarstjóra falið að kanna hug um aðkomu leigutaka.

6. Hengifoss kaffi

Sveitarstjóra falið að kynna leigutaka afstöðu sveitarstjórnar eftir umræður á fundinum. Leigutaka verður send afstaðan bréflega.

Kristinn vék af fundi kl: 11:05

7. Fundargerðir:

a. Verkfundur Hamborgar nr. 4. Fundargerð dags. 11.9.2025

Kynnt.

b. Fagráðs Minjasafns Austurlands dags. 18.8.2025

Kynnt.

c. Heilbrigðisnefndar dags. 11.9.2025

Kynnt.

d. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.8, 12.9 og 26.9.2025

Kynnt.

e. Ársala dags. 25.9.2025

Kynnt.

f. Upphéraðsklasinn dags. 17.9.2025

Kynnt.

8. Smiðjan á Hóli

Skýrsla Þorvaldar P. Hjarðar kynnt. Sveitarstjórn fagnar framtakinu að hafin sé varðveisla á merkjum minjum í Dalnum.

9. Mælingar á borholum

Skýrsla frá Glúmi Björnssyni kynnt. Ákveðið að bjóða Glúmi á fund til sveitarstjórnar.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

11. Önnur mál:

Samþykkt að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna lagningar malbiks í íbúðarkjarnanum í Hamborg, sbr, erindi dags. 6.10.2025 frá Boga Kárasyni verkefnastjóra.

Vegna veðurofsa í seinustu viku þá féll merki sveitarfélagsins um koll við Végarð. Húsvörðurinn endurreysti sveitarfélagið.

Fundið slitið kl: 13:30.

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnmarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti